

SAG 313,- saga 20. aldar

Almennt um sögu: *Sem námsgrein og fræðigrein fæst sagan við afdrif mannsins og mannglegra samfélaga í tímans rás. Meginhlutverk sögunnar sem námsgreinar er að glæða, styrkja og skerpa söguvitund nemenda. Söguvitund gagnast nemendum til túlkunar á liðinni tíð, til skilnings á nútímanum og gerir þá þar af leiðandi færari um að móta þá framtíð sem bíður. Sú söguvitund sem nemandi fær með heppnuðu sögunámi dýpkar skilning og eykur víðsýni og lífsnautn í mannlegu félagi.*

Í skólanámsskrá Menntaskólans á Akureyri eru nefnd fjögur meginmarkmið sögukennslu við skólann:

- 1. Að nemandinn öðlist þekkingu og tilfinningu fyrir hinum samfellda sögulega tíma sem og mismunandi skeiðum innan hans.*
- 2. Að nemandinn kunni skil á samfelldri þjóðarsögu Íslendinga , einstökum tímabilum innan hennar og samhengi hennar við sögu umheimsins.*
- 3. Að nemandinn verði vel læs á hin ólíku birtingarform sögunnar og geti miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.*
- 4. Að nemandinn þjálfist að meta gildi og áreiðanleik heimilda, frásagna og sögulegra skýringa.*

Um SAG 303 á vorönn 2012.

Í áfanganum SAG 313 er tekinn til skoðunar sá tími sögunnar sem næst okkur liggur,- öldin 20.,- árin frá 1900 til 2000. Efnistöð og aðferðir áfangans mótast af viðfangsefninu. Í SAG 313 **þurfa nemendur að vera vel læsir á hin ólíku birtingarform sögunnar og getað miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.**

Áfanginn SAG 313 á vorönn 2012 er tvískiptur,- í fyrsta lagi er hefðbundið nám sem miðast við kennslubók áfangans og innlagnir frá kennara,- í öðru lagi er um að ræða verkefnavinnu nemenda. Hefðbundni þátturinn gildir **40% og lýkur með prófi í lok annar,-** verkefnavinna nemenda gildir 60%. Verkefni nemenda skiptast í þrjá þætti,- **ritgerð** sem gildir 15%, **fimm Moodle- verkefni** sem gilda 15% og **kvikmyndaverkefni** sem gildir 30% .

Nánar um verkefni.

- Ritgerðin:** Nemendur skrifa á önninni 4 til 6 síðna heimildaritgerð um efni sem tengist yfirferð áfangans. Frágangur, uppsetning og meðferð heimilda skal vera í samræmi við það sem kennt hefur verið í fyrri áföngum í íslensku, sögu og e.t.v. víðar. Í ritgerðarsmið skiptir ekkert eitt atriði meira máli val ritgerðarefnis. Það eina sem takmarkar nemendur er tíminn,- efnið þarf að tengjast sögu 20. aldar. Nemendur eru hvattir til að sýna áræði og frumleika við efnisval og forðast efni sem kalla mætti „klisjur“. Þá skal minnt á að 20. öldin er að sjálfsögðu saga Íslands sem annara landa og ekkert sem bannar að taka íslenskt efni til umfjöllunar í ritgerð. Ritgerðinni á að skila ekki síðar en föstudaginn 20 apríl og gildir hún 15% af einkunn.
- Moodle-verkefni:** Nemendur svara fimm skriflegum verkefnum inná Moodlevefnum. Verkefnið miðast við kafla í kennslubók og innlagnir frá kennara. Moodle-verkefni gilda 15% af einkunn.
- Kvikmyndaverkefni:** Tveir til fjórir nemendur vinna verkefni sem tengist sögu 20. aldar,- hverjum hópi verður úthlutað einum áratug 20. aldar. Helstu þættir verkefnisins eru:
A: Eftir að hóparnir hafa fengið úthlutað áratug velja þeir kvikmynd sem tengist sögu áratugarins.
B: Nemendur setja saman fyrirlestur þar sem eftirfarandi er tekið til umfjöllunar,- almenn mannkynssaga áratugarins,- saga þess umhverfis sem fallað er um í kvikmyndinni(- land, hérað, borg o.s.frv.),- almenn kynning á kvikmyndinni. Reiknað er með að þessi kynning taki u.þ.b. eina kennslustund.
C: Nemendur sýna kvikmyndina.

Hver hópur fær úthlutað fjórum kennslustundum til flutnings verkefnisins. Til þess að sá tímarammi haldi er æskilegt að sýningartími myndanna fari ekki yfir 120 mín. Fystu verkefni fara í gang þriðjudaginn 22. febrúar og þeim lýkur föstudaginn 13. maí. Nemendur skila til kennara útprentuðum glærum og öðrum textum sem settir eru saman fyrir kynninguna. Kvikmyndaverkefni gilda 30% af einkunn.

Lesefni.

- 20.öldin,- svipmyndir frá öld andstæðna.** Mál og menning 2007.
- Glósur og fjölrít frá kennara.**

Verkátætlun.

- 1. vika. 1. - 3. feb.** Almenn kynning áfangans,- sögusviðið, - tími,- svæði,- tengingar við tíma og svæði. Hópa- og verkefnaskipting.
- 2. vika 6. - 10. feb.** Almenn kynning áfangans. Gengið frá vali kvikmynda þriðjud. 8. feb. Evrópa á 20.öld,- frá sundrungu til sameiningar
- 3. vika 13. - 17. feb.** Evrópa á 20. öld,- frá sundrungu til sameiningar. Moodle-verkefi I 17. feb.
- 4. vika 20. - 24. feb.** Fyrstu kvikmyndaverkefni nemenda kynnt,- 20.aldar sagan 1900 til 1910. **Hópur 1 í G og FHI.**
- 5. vika 27. feb. - 2. mars.** Kvikmyndaverkefni. 20.aldarsagan 1910 til 1920. **Hópur 2 í G og FHI.**
- 6. vika 5. - 9. mars.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldar sagan 1920 til 1930. **Hópur 3 í G og FHI.** Moodle-verkefni II 9. mars.
- 7. vika 12. - 16.mars.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsagan 1930 til 1940. **Hópur 4 í G og FHI.** Undirbúningur ritgerða.
- 8. vika 19. - 23. mars.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsagan 1940 til 1950. **Hópur 5 í G og FHI.**
- 9. vika 26. – 30.mars.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsagan 1950 til 1960. **Hópur 6 í G og FHI.** Moodle-verkefni III 30. mars.
- 10. vika 9. - 13. apríl.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsagan 1950 til 1960. **Hópur 6 í G og FHI.**
- 11. vika 16. - 20. apríl.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsaga 1960 til 1970. **Hópur 7 í G og FHI.** Ritgerðarskil og Moodle-verkefni IV 20. apríl.
- 12. vika 23. - 27. apríl.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsagan 1970 til 1980. **Hópur 8 í G og FHI.**
- 13. vika 30. apríl - 4. maí.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsagan 1980 til 1990. **Hópur 9 í G og FHI.**
- 14. vika 7. - 11. maí.** Kvikmyndaverkefni. 20. aldarsagan 1990 til 2000. **Hópur 10 í FHI.** Moodle-verkefni V 1. maí.
- 15. vika. 14. - 18. maí.** Það sem útaf stendur,- almenn yfirferð.
- 16. vika. 20. - 24. maí.** Prófundirbúningur.

Námsmat.

1. Ritgerð 15%
2. Moodle-verkefni 15%
3. Kvikmyndaverkefni 30%
4. Lokapróf 40%. **Ath!** Nemendur verða að ná 45% af lokaprófi til þess að fá áfangann metinn.

Að lokum: Þrjú atriði er rétt að undirstrika. **Í fyrsta lagi** að SAG 313 er þriggja eininga áfangi með sex kennslustundum á viku. Tvær af þessu sex kennslustundum eru utan stundaskrár. Þær kennslustundir er ætlast til að nemendur vinni sjálfstætt að verkefnum tengdum áfanganum. **Í öðru lagi** að 60% af lokaekunn áfangans byggir á verkefnavinnu. Hluti þeirrar vinnu kemur í tórnum. Nauðsynlegt er þó að sinna sumum verkefnum,- t.d. Moodle-verkefnunum, reglulega og samfelld. Þá er nauðsynlegt að tímasókn nemenda sé viðunandi,- nemandi með tímasókn undir 85% fær ekki áfangann metinn. **Í þriðja lagi** að mjög mikilvægt er að staðið verði við þá verkáætlun sem fyrir liggur. Óhjákvæmilegt gæti þó reynst að víkja frá planinu í smærri atriðum. Undir það verðum við búin.

Með ósk um gott samstarf. **Björn Vigfússon.**